

Ár 2010, fimmtudaginn 23. september kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann síðan eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram svohljóðandi bókun:

Bæjarráð fagnar því að framkvæmdir við tvöföldun Suðurlandsvegar skuli nú vera hafnar og langþráður áfangi í höfn.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 1. september 2010.**

Í bréfinu eru kynnt tvö rit um stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum sem sambandið hefur gefið út og sent til formanna fræðslunefnda.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Lánasjóði sveitarfélaga frá 15. september 2010.**

Í bréfinu er boðað á hluthafafund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldin verður 1. október á Akureyri.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Skipulagsstofnun frá 10. september 2010.**

Í bréfinu er kynnt að Skipulagsstofnun er að vinna að gerð tillögu að nýrri skipulagsreglugerð með hliðsjón af nýjum skipulagslögum. Skipulagsstofnun óskar eftir tillögum og ábendingum frá sveitarstjórnnum um það hvað mætti betur fara í nýrri skipulagsreglugerð.

Bæjarráð felur bæjarstjóra ásamt skipulags- og byggingafulltrúa að koma ábendingum á framfæri við Skipulagsstofnun um breytingu á ráðstöfun innheimts skipulagsgjalds og felur ennfremur skipulags- og bygginganefnd að fara yfir það sem betur mætti fara í nýrri reglugerð.

1.4. **Málefli frá 1. september 2010.**

Í bréfinu vill Málefli, sem eru hagsmunasamtök foreldra barna og unglinga með tal- og málþroskaröskun, kanna hvernig staðið er að talþjálfun barna og unglinga í sveitarfélaginu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.

1.5. **Velferðavaktinni frá 1. september 2010.**

Í bréfinu er ályktun velferðarvaktarinnar í upphafi skólstarfs en þar er

Því beint til sveitarstjórna og skólanefnda að huga sérstaklega að líðan barna í upphafi skólaárs.

Bæjarráð tekur undir orð Velferðarvaktarinnar um mikilvægi þess að hugað sé að líðan barna og ungmenna og að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að tryggja hag þeirra sem bestan. Í Hveragerði hafa öll börn í 3. bekk og yngri sem óskað hafa eftir dvöl á frístundaheimili fengið þar pláss og engir biðlistar eru því inná frístundaskólann. Fylgst er með því að börn falli ekki úr íþróttastarfi vegna fjárhagslegra aðstæðna og sama gildir um skólamötuneyti sem auk þess er með þeim ódýrari í nýlegum samanburði.

1.6. Meistarafélagi Suðurlands frá 7. september 2010.

Í bréfinu er rætt um stöðu byggingariðnaðarins á starfssvæði félagsins.

Bæjarráð er meðvitað um bága stöðu byggingariðnaðarins á landinu og hefur lagt áherslu á viðhaldsframkvæmdir eins og nokkur kostur hefur verið. Fyrir fundinum liggja tillögur um samþykkt umfangsmikilla verkefna í jarðvinnu og gatnagerð þannig að Hveragerðisbær lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum.

1.7. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 7. september 2010.

Í bréfinu er sveitarfélaginu boðin til kaups bókin HSK í 100 ár.

Bæjarráð samþykkir að kaupa þrjár bækur.

1.8. Umhverfisstofnun frá 15. september 2010.

Í bréfinu er boðað á ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga árið 2010 sem haldin verður í Borgarnesi 29. október n.k

Lagt fram til kynningar.

1.9. Kolbrúnu og Auði Gunnarsdætrum frá 15. september 2010.

Í bréfinu óska systurnar Kolbrún og Auður eftir að fá í tímabundið "fóstur" allan Varmárbakkann frá Lystigarðinum á Fosslöt að Frost og Funa til að heiðra minningu foreldra sinna.

Bæjarráð þakkar þann áhuga og hlýhug sem systurnar frá Álfafelli sýna bæjarfélaginu með þessu höfðinglega tilboði. Bæjarráð samþykkir að árbakkinn frá göngubrú að Frost og funa verði tekinn í fóstur með þeim hætti sem fram kemur í erindinu. Framkvæmdir og gróðursetningar verði gerðar í samráði við Hveragerðisbæ.

1.10. Búmönnum frá 3. september 2010.

Í bréfinu er rætt um byggingu íbúða Búmannna við Smyrlaheiði í Hveragerði. Jafnframt óska Búmenn eftir viðræðum við Hveragerðisbæ um að sveitarfélagið kaupi búseturétt.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til Velferðarnefndar til umsagnar.

1.11. Garðyrkjufélagi Íslands ódagsett.

Í bréfinu óskar Garðyrkjufélag Íslands eftir styrk frá Hveragerðisbæ

vegna kostnaðar félagsins í sýningunni "Blóm í bæ".

Bæjarráð þakkar ómetanlegt framlag Garðyrkjufélags Íslands til sýningarinnar Blóm í bæ og samþykkir 100.000 króna styrk til félagsins til að standa straum af útlögðum kostnaði þess vegna sýningarinnar.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Tjónamat fráveitulagna í Hveragerði vegna Suðurlandsskjálfta 29. maí 2008.

Lagt fram endanlegt tjónamat á fráveitulögnum í Hveragerði eftir Suðurlandsskjálftann sem var 29. maí 2008.

Lagt fram til kynningar.

2.2. Opnun tilboða í gervigrasvöll á Vorsabæjarvöllum.

Opnun tilboða í gervigrasvöll á Vorsabæjarvöllum 1 áfanga, jarðvinna fór fram 13. september 2010. Alls bárust 18 tilboð í verkið. Kostnaðaráætlun í verkið var kr. 14.320.000.-

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Arnon ehf, Kambahrauni 36, Hveragerði sem á lægsta tilboð í verkið sem uppfyllir skilyrði útboðsgagna. Skilyrði er að félagið standist kröfur útboðslýsingar og innkaupareglna um fjárhagslega og faglega stöðu. Tilboðið hljóðaði upp á kr. 8.566.000.-

2.3. Opnun tilboða í Heiðmörk gatnagerð 2010.

Opnun tilboða í Heiðmörk gatnagerð 2010 fór fram 16. september 2010. Alls bárust 11 tilboð í verkið. Kostnaðaráætlun í verkið var kr. 84.104.950.- í alla götuna og kr 30.737.850.- í vestari hluta.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Rein sf, um framkvæmdir við Heiðmörk frá Breiðumörk að Grænumörk enda standist félagið kröfur útboðslýsingar og innkaupareglna um fjárhagslega og faglega stöðu. Tilboðið hljóðaði upp á kr. 74.966.930.-

2.4. Erindi frá matráði og skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði frá 20. september 2010.

Lagt fram bréf frá matráði og skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði þar sem rætt er um nauðsin þess að kaupa nýjan ofn í mötuneyti skólans. Þau mæla með tilboði frá Fastus upp á kr. 889.742.- í ofninn.

Bæjarráð samþykkir erindið og vísar fjármögnun til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

2.5. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 20. september 2010 vegna málverka í eigu Más Michelsen.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra fyrir hönd Más Michelsen vegna 5 málverka eftir Sigfús Halldórsson sem hann bíður Hveragerðisbæ til kaups.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2.6. **Samningur við Sveitarfélagið Ölfus vegna leikskólamála.**

Lagður fram samningur um tímabundið samstarf Hveragerðisbæjar við Sveitarfélagið Ölfus vegna leikskólalássa fyrir Ölfusbörn í leikskólum Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir samninginn en inntaka nýrra barna getur þó fyrst orðið þegar tekist hefur að ráða nýjan starfsmann á Undraland.

2.7. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 20. september vegna beiðni um skólagöngu utan lögheimilissveitarfélags.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna beiðni um skólagöngu utan lögheimilissveitarfélags. Með minnisblaðinu fylgdi álit sálfræðings.

Bæjarráð samþykkir skólagöngu utan lögheimilissveitarfélags.

3. **Starfsmanna málefni:**

3.1. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa og forstöðumanni íþróttahúss frá 6. september 2010 vegna ráðningar starfsmanns við íþróttahús.**

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa og forstöðumanni íþróttahúss vegna ráðningar starfsmanns í 100% stöðu við íþróttahús í stað annars starfsmanns sem hefur hætt störfum.

Bæjarráð samþykkir ráðninguna.

3.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra og formanni fræðslunefndar frá 20. september 2010 vegna mötuneytis Leikskólans Óskalands.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra og formanni fræðslunefndar vegna starfsmannamála í mötuneyti leikskólans Óskalands.

Bæjarráð samþykkir að auka stöðugildi í mötuneytinu um 0,3.

4. **Umsókn um dýrahald:**

4.1. **Umsókn um kattahald.**

Lögð fram umsókn frá Írisi Valgeirsdóttur þar sem hún óskar eftir leyfi fyrir að vera með 3 ketti á heimili sínu Dalsbrún 25.

Bæjarráð samþykkir umsóknina enda er slíkt í samræmi við reglur um kattahald í Hveragerði þar sem um kattaræktun er að ræða.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. **Stjórnar SASS frá 12. september 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)